

ÚR ÁFENGISLÖGUNUM

Áfengislögin nr. 75/1998 segja meðal annars:

- § 18. gr.** Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.
- § 19. gr.** Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður. Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.
- § 26. gr.** Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrir mæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum. Brot þjónustumanna og stjórnenda varða einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.